

## Dómsorð:

Stefndu, Sigurður Jónsson og Erla Guðmundsdóttir, greiði in solidum stefnanda, Hallgrími B. Geirssyni héraðsdómslögmanni, kr. 520.000 með 4% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð af kr. 130.000 frá 1. ágúst 1979 til 1. september s. á, en af kr. 260.000 frá þeim degi til 1. október s. á., en af kr. 390.000 frá þeim degi til 1. nóvember s. á., en af kr. 520.000 frá þeim degi til greiðsludags, kr. 15.640 í banka-kostnað, kr. 4.200 í afsagnarkostnað og kr. 235.000 í máls-kostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

---

Föstudaginn 19. mars 1982.

Nr. 113/1978. **Oliuverslun Íslands h/f**

(Guðmundur Pétursson hrl.)

gegn

**Halldóri Júlíussyni**

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Skuldamál. Vextir.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Gísli Kjartansson, fulltrúi sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, og meðdómendurnir Helgi Björnsson bókhaldari og Bragi Jósafatsson verslunarstjóri hafa kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. júní 1978. Krefst hann sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Eins og greinir í hinum áfrýjaða dómi, nam skuld stefnda við áfrýjanda í árslok 1976 samkvæmt viðskiptareikningi hans 6.441.545 krónum. Af þessari fjárhæð voru 2.023.359 krónur vextir, sem færðir höfðu verið stefnda til skuldar með þrem færslum, 28. nóvember 1975, 30. október og 31. desember 1976. Voru vextirnir reiknaðir 1.5% mánaðarvextir frá maí 1973 til og með júní 1974, 1.75% í júlí það ár og 2% frá þeim tíma til ársloka 1976. Með stefnu, birtri 17. febrúar 1977, höfðaði áfrýjandi mál á hendur stefnda til innheimtu skuldarinnar, en með greinargerð, sem lögð var fram við þingsetingu málsins 28. febrúar s. á., lækkaði hann kröfu sína um 6.000 krónur, í 6.435.545 krónur. Hinn 15. mars 1977 voru greiddar 7.000.000 krónur inn á reikning stefnda án fyrirvara, að því er sé verður. Hinn 16. s. m. skilaði hann áfrýjanda smurolíu og gaskútum að verðmæti 143.578 krónur og afhenti honum vanfærða innheimtureikninga að fjárhæð 135.710 krónur. Greinargerð var lögð fram af hálfu stefnda á dómþingi 28. mars s. á. Segir í henni, að frá stefnu-fjárhæð beri að draga 1.559.736 krónur, og var sú upphæð sundurliðuð nánar. Var þar um að ræða ýmsa reikninga að fjárhæð 587.605 krónur og vexti, 942.562 krónur, er stefndi taldi ofreiknaða, þar sem reiknaðir væru „dráttarvextir af viðskiptaskuld í stað almennra vaxta“. Í greinargerðinni segir enn fremur: „Framlagður vaxtareikningur hefst í maí 1973, ... Hvernig vextir voru reiknaðir fyrir þann tíma, verður því eigi séð af skjölum málsins, en áskilinn er allur réttur til handa stefnda í því sambandi.“ Þá voru einnig bakreiknaðir vextir, 29.569 krónur, vegna reikninga, sem stefndi taldi, að áfrýjandi ætti að greiða sér. Samkvæmt ofansögðu taldi stefndi áfrýjanda nú skulda sér 2.127.076 krónur. Krafðist hann sjálfstæðs dóms fyrir þeirri fjárhæð í gagnsök, sem var þingfest 14. apríl 1977. Með framhaldsgagnsök, sem þingfest var 14. október 1977, hækkaði stefndi gagnkröfur sínar um 1.169.092 krónur og mótmælti allri vaxtaskuldfærslu áfrýjanda frá 1973 til ársloka 1976.

Fyrir Hæstarétti hefur áfrýjandi samþykkt þá kröfuliði stefnda, sem héraðsdómur tók til greina, en að öðru leyti haldið fast við kröfur sínar. Við munnlegan málflutning

krafðist hann vaxta af skuld áfrýjanda frá febrúar 1973 að telja í stað maí s. á., ef ekki yrði fallist á jafnháa dráttarvexti og stefndi var skuldfærður fyrir. Slik krafa hefur ekki lagastoð.

Eins og áður greinir, reiknaði áfrýjandi stefnda til skuldar vanskilavexti af skuld hans frá maí 1973 til ársloka 1976. Framangreind ummæli í greinargerð stefnda í aðalsök í héraði verða eigi skilin á annan veg en þann, að hann viðurkenni, að áfrýjanda hafi verið rétt að reikna honum vexti af skuld hans frá maí 1973 að telja. Verða síðari mótmæli hans gegn upphafstíma vaxta því eigi tekin til greina. Hins vegar verður að telja samkvæmt langri dómvenju, að vanskilavextir þeir, sem áfrýjandi mátti reikna af skuld stefnda, hafi ekki mátt vera hærri en 9% ársvextir frá maí 1973 til 31. júlí það ár og 13% eftir það.

Stefndi hefur lagt fyrir Hæstarétt útreikning á vöxtum af viðskiptaskuld sinni fyrir tímabilið frá maí 1973 til 30. september 1976, byggðan á sömu forsendum og vaxtareikningur áfrýjanda að öðru leyti en því, að vextir eru reiknaðir 9% ársvextir fyrir maí, júní og júlí 1973, en 13% frá þeim tíma til 30. september 1976. Eru aðiljar sammála um, að sá útreikningur sé tölulega réttur, og nema vextirnir þannig reiknaðir 969.693 krónum. Héraðsdómur reiknaði vexti fyrir tímabilið 1. október til 31. desember 1976 miðað við 13% ársvexti 159.362 krónur, og verður sú fjárhæð lögð til grundvallar. Ofteknir vextir eru samkvæmt þessu 894.304 krónur ( $2.023.359 \div 969.693 \div 159.362$  krónur). Þykir stefndi, eins og hér stendur á, eiga rétt á endurgreiðslu hinna ofteknu vaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 58/1960 þrátt fyrir fyrirvaralausá greiðslu 15. mars 1977, sem áður er nefnd. Ber því að lækka skuld stefnda við áfrýjanda í árslok 1976 um þessa fjárhæð. Enn fremur ber að lækka skuldina sem nemur þeim kröfuliðum stefnda í gagnsök í héraði, sem teknir voru til greina af héraðsdómi, þ. e. kröfuliðir c, d, e og f ( $7.125 + 12.788 + 90.000 + 12.445$ ) alls 122.358 krónur, auk áðurnefndra 6.000 króna. Samkvæmt þessu nam skuld stefnda við áfrýjanda 31. desember 1976 5.418.883 krónum. Áfrýjandi á rétt á 13% ársvöxtum af þeirri fjárhæð að frádregnum vaxta-

þætti hennar, þ. e. af 4.289.828 krónum frá 1. janúar 1977 til 15. mars 1977, og nema þeir 116.183 krónum. Áfrýjandi hafði höfðað mál á hendur stefnda til innheimtu skuldar hans, áður en hann innti af hendi greiðsluna 15. mars, og á áfrýjandi því rétt á málskostnaði úr hendi stefnda vegna þess máls. Þykir hann hæfilega ákveðinn 700.000 krónur. Nemur þá krafa áfrýjanda á hendur stefnda alls 6.235.066 krónum. Stefndi greiddi áfrýjanda, eins og áður segir, 7.000.000 krónur 15. mars 1977 og skilaði honum smurolíu og gaskútum að verðmæti 143.578 krónur og innheimtunótum að fjárhæð 135.710 krónur hinn 16. s. m. Samkvæmt því hefur stefndi ofgreitt áfrýjanda 1.044.222 krónur, og þykir hann eiga rétt á endurgreiðslu þeirrar fjárhæðar úr hendi áfrýjanda ásamt 13% ársvöxtum frá 15. mars 1977 til greiðsludags.

Allar framangreindar tölur eru miðaðar við gamlar krónur.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 3.500.00 nýkrónur samtals í málskostnað fyrir Hæstarétti.

#### D ó m s o r ð :

Áfrýjandi, Ólíuverslun Íslands h/f greiði stefnda, Halldóri Júlíussyni, 10.442.22 nýkrónur með 13% ársvöxtum frá 15. mars 1977 til greiðsludags svo og 3.500.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

#### S é r a t k v æ ð i

**hæstaréttardómaranna Magnúsar Thoroddsen  
og Magnúsar Þ. Torfasonar.**

Eftir þingfestingu aðalsakar í héraði gerði stefndi áfrýjanda skil hinn 15. og 16. mars 1977 á viðskiptaskuld sinni

með þeim hætti, að hann skilaði honum nokkrum óseldum birgðum og óinnheimtum reikningum vegna vörusölu, en þó aðallega með því að þriðji aðili, Óskar Baldursson, tók að sér að greiða áfrýjanda 7.000.000 gkr. upp í skuldina með samþykki beggja aðilja. Er í sjálfu sér ekki ágreiningur um, að með þessu hafi skuld stefnda verið niður fallin. Var áfrýjandi reiðubúinn til að hefja málið, er svo var komið. Virðist hann þá hafa ætlast til, að það, sem hann hafði fengið umfram skuldafjárhæðina, gengi upp í málskostnað hans.

Á þetta vildi stefndi ekki fallast, heldur höfðaði gagnsök á hendur áfrýjanda með stefnu, útgefinni 23. mars 1977, og síðar framhaldsstefnu, dags. 13. október 1977, svo sem nánar er greint í hinum áfrýjaða dómi. Var sú málssókn aðallega reist á því, að framangreind verðmæti, sem áfrýjandi hafði fengið, hefðu numið meiru en réttri skuld stefnda. Var þá sérstaklega skírskotað til þess, að áfrýjandi hefði ekki mátt skuldfæra stefnda fyrir dráttarvöxtum með þeim hætti, sem hann hafði gert. Öðrum þræði var gagnsökin einnig höfðuð til heimtu ýmissa gagnkrafna, sem stefndi taldi sig eiga á áfrýjanda vegna viðskipta þeirra. Er nánar um þá kröfugerð fjallað í héraðsdómi. Þar sem stefndi hefur ekki áfrýjað héraðsdóminum af sinni hendi, koma kröfur hans í gagnsökinni þó einungis til álita fyrir Hæstarétti að því leyti sem héraðsdómari hefur tekið þær til greina eða þær koma til frádráttar skuld stefnda við áfrýjanda með öðrum hætti, svo sem er um þær birgðir og óinnheimta reikninga, sem stefndi skilaði.

Samkvæmt því virðist mega sundurliða kröfur stefnda, þær sem hér þarf sérstaklega um að fjalla, með eftirgreindum hætti:

1. Dráttarvextir, færðir stefnda til skuldar án heimildar.
2. Kostnaður stefnda vegna eigna áfrýjanda á Ferstiklu, liðir c-f í sundurliðun í héraðsdómi, sem héraðsdómari tók til greina með 122.358 gkr.
3. Fé það sem verðmæti, er áfrýjandi fékk eftir höfðun aðal-sakar, nema meiru en stefnukröfu hans svo sem hún nú hefur verið leiðrétt undir rekstri málsins.

## Um 1.

Viðurkennt er, að stefndi fékk árlega viðskiptareikning frá áfrýjanda, eftir að vaxtafærslur af skuldum hans hófust. Hafði hann ekki uppi neinar athugasemdir við þær færslur. Eftir höfðun aðalsakar bar honum að tjá sig um stefnukröfurnar og andmæla þeim að því leyti sem hann taldi þær ekki á rökum reistar, sbr. 106. gr. laga nr. 85/1936. Hefði ágreiningur aðilja um kröfurnar síðan orðið til lykta leiddur með dómsorði í málinu. Stefndi tók hins vegar þann kost að gera áfrýjanda full skil á fjárkröfum hans undir rekstri málsins. Verður að telja, að sú lúkning hans á kröfu, sem þegar hafi verið lögð fyrir dómstóla, til að dæmt yrði um hana, hafi skotið loku fyrir, að hann gæti heimt hluta þess, er hann galt, aftur úr hendi áfrýjanda eftir ákvæðum 6. gr. laga nr. 58/1960 eða öðrum reglum um endurheimtu ofgreidds fjár. Og hvað sem að þessu öðru leyti líður, er á það að líta, að við það verður að miða, að mestur hluti þeirra verðmæta, sem áfrýjandi fékk upp í kröfur sínar, hafi verið sjálfstæð greiðsluskuldbinding Óskars Baldurssonar gagnvart áfrýjanda, en hann er ekki aðili máls þessa. Samkvæmt öllu því, sem nú hefur verið talið, verður kröfuliður þessi ekki tekinn til greina.

## Um 2.

Áfrýjandi hefur viðurkennt skyldu sína til að greiða fjárhæðir þessar. Ber því að staðfesta héraðsdóm að því er þær varðar.

## Um 3.

Telja verður, að eftir öllum atvikum hafi áfrýjandi mátt reikna sér þetta fé sem málskostnað af hinni umstefndu skuld. Verða kröfur stefnda því ekki heldur að þessu leyti teknar til greina.

Samkvæmt þessu teljum við, að úrslit málsins eigi að verða þau, að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða stefnda 1.223,58 krónur (122.358 gkr.) með 13% ársvöxtum frá 15. maí 1977 til greiðsludags, svo sem viðurkennt er.

Við teljum, að eftir atvikum sé rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

**Dómur aukadómpings Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 14. mars 1978.**

Mál þetta, sem dómtekið var 20. janúar 1978 og endurupptekið 10. mars s. á. og lagt að nýju í dóm þann dag, er höfðað fyrir aukadómpingi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu af Theódór S. Georgssyni héraðsdómslögmanni f. h. Olíuverslunar Íslands h/f, Hafnarstræti 5, Reykjavík, með stefnu, útgefinni 15. febrúar 1977, birtri 17. s. m., á hendur Halldóri Júlíussyni veitingamanni, Bakkaföt 11, Garðabæ, persónulega og vegna einkafirma hans, Brjáns s/f, Hvalfjarðarstrandarhreppi, Borgarfjarðarsýslu, til greiðslu skuldar að upphæð kr. 6.441.545 með 2% dráttarvöxtum á mánuði og broti úr mánuði frá 1. janúar 1977 til greiðsludags auk málskostnaðar skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Stefndi lét mæta í málinu og gerði þær réttarkröfur, að hann yrði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og tildæmdur hæfilegur málskostnaður úr hans hendi, en til vara, að málskostnaður yrði látinn falla niður.

Með gagnstefnu, útgefinni 24. mars 1977, höfðaði aðalstefndi gagnsök í málinu og gerði þær dómkröfur, að gagnstefndi (aðalstefnandi) yrði dæmdur til að greiða gagnstefnanda kr. 8.694.674 ásamt 13% ársvöxtum af kr. 2.127.076 frá 15. mars 1977 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu skv. mati dómsins. Jafnframt var þess krafist, að dómkröfur í gagnsök yrðu notaðar til skuldajafnaðar í aðalsök, þ. e. á móti stefnufjárhæðinni ásamt vöxtum, en krafist sjálfstæðs dóms fyrir mismuninum, kr. 2.127.076.

Gagnstefndi krafðist algerrar sýknu af öllum kröfum gagnstefnanda og að honum yrði dæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi gagnstefnanda.

Með stefnu, útgefinni 13. október 1977, birtri 14. október 1977, höfðaði aðalstefndi framhaldssök í málinu, þar sem hann krafðist þess, að aðalstefnandi skyldi þola hækkun á stefnukröfum um kr. 1.169.092, þannig að stefnukröfur hljóði þannig, að gagnstefndi greiði gagnstefnanda kr. 3.296.168 með 2½% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð frá 15. mars 1977 til 1. ágúst s. á., en með 3% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands eða skv. framlögðum reikningi undir rekstri málsins.

Framhaldsstefndi (aðalstefnandi) krafðist algerrar sýknu af öllum kröfum gagnstefnanda í framhaldsgagnsök og jafnframt að

honum yrði dæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi gagnstefnanda.

Í lok málsins voru kröfur aðalstefnanda á þessa leið:

Í aðalsök: Að aðalstefndi yrði dæmdur til að greiða aðalstefnanda kr. 6.435.545 með 2½% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði af kr. 4.412.186 frá 1. janúar 1977 til 28. febrúar s. á. svo og málskostnað skv. framlögðum reikningi eða til vara að mati dómsins, allt að frádregnum kr. 7.270.649.

Í gagnsök og framhaldssök: Að hann yrði sýknaður af öllum kröfum gagnstefnanda og honum dæmdur hæfilegur málskostnaður að mati réttarins.

Í lok málsins voru kröfur aðalstefnda á þessa leið:

Í aðalsök: Að hann yrði algerlega sýknaður af öllum kröfum aðalstefnanda og tildæmdur hæfilegur málskostnaður úr hans hendi, en til vara, að málskostnaður yrði látinn falla niður.

Í gagnsök og framhaldssök: Að aðalstefnandi yrði dæmdur til að greiða aðalstefnda kr. 3.296.168 með 2½% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð frá 15. mars 1977 til 1. ágúst s. á., en með 3% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð frá þeim degi til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands og framlögðum reikningi. Til vara, að dómurinn ákvarði fjárhæðir í málinu.

Um aðalsök:

Með samningi, dags. 16. júlí 1968, gerðu aðalstefnandi og aðalstefndi með sér viðskiptasamning, en samkvæmt honum átti aðalstefndi að kaupa bensín, gasolíur, smurolíur og aðrar olíuvörur af aðalstefnanda til endursölu í bensínstöð aðalstefnanda að Ferstiklu í Hvalfirði. Samkvæmt 4. gr. samningsins átti andvirði seldra vara að frádregnum sölulaunum eða afslætti að teljast eign aðalstefnanda, og bar aðalstefnda að skila staðgreiðslusölu og afgreiðslunótum vegna reikningssölu viðskiptamanna vikulega til aðalstefnanda.

Aðalstefndi hafði viðskiptareikning hjá aðalstefnanda, og var skuld hans á þeim reikningi kr. 6.441.545 í árslok 1976, og er það upphaflega stefnukrafan í málinu, sem aðalstefnandi lækkaði undir rekstri málsins í kr. 6.435.545.

Eftir að mál þetta var höfðað, skilaði aðalstefndi birgðum að fjárhæð kr. 134.931 og innheimtunótum að fjárhæð kr. 135.710 til lækkunar skuldinni, og þann 15. mars 1977 voru greiddar inn á viðskiptareikning aðalstefnda hjá aðalstefnanda kr. 7.000.000, og

bauðst aðalstefnandi þá til að hefja mál þetta, en því var hafnað af aðalstefnda.

Aðalstefnandi styður dómkröfur sínar þeim rökum, að skuld aðalstefnda að meðtöldum vöxtum og málskostnaði nemi hærrí fjárhæð en framangreindar innborganir námu og að hann eigi rétt á að fá tildæmdan málskostnað af stefnufjárhæðinni, þar sem greiðslan var innt af hendi, eftir að mál þetta var höfðað.

Aðalstefndi hefur haldið því fram, að með framangreindri innborgun á viðskiptareikning og skilum á birgðum sé stefnukrafa í aðalsök að fullu greidd og beri því að sýkna aðalstefnda af öllum kröfum aðalstefnanda í aðalsök.

Dómurinn fellst á þann rökstuðning aðalstefnda, að stefnukrafa hafi að fullu verið greidd með framangreindri innborgun 15. mars 1977 og skilum á birgðum og innheimtunótum, og ber því að sýkna aðalstefnda af kröfum aðalstefnanda í aðalsök.

Með hliðsjón af málavöxtum þykir rétt, að málskostnaður í aðalsök falli niður.

Gagnstefnandi hefur gert svofellda grein fyrir gagnsökinni. Hann kveðst telja viðskiptaskuld þá, sem aðalstefnandi krefur aðalstefnda um, til muna of háa. Aðalstefnandi reisi kröfur sínar á dskj. nr. 3, sem hann segir vera viðskiptakort aðalstefnda. Við skoðun á þessu viðskiptakorti komi í ljós, að skuldað hafi verið á reikninginn dráttarvöxtum þann 28. nóvember 1975, samtals kr. 1.053.809, og séu það dráttarvextir fyrir tímabilið frá maí 1973 til greiðsludags, þá séu enn fremur skuldfærðir dráttarvextir á reikninginn þann 30. október 1976, kr. 621.850, og 31. desember 1976 kr. 347.700. Höfuðstólsskuld aðalstefnanda hafi því að geyma uppsafnaða dráttarvexti, samtals kr. 2.023.159.

Kröfugerð í framhaldsgagnstefnu er fengin á þann hátt, að áður nefnt viðskiptakort er lagt til grundvallar með eftirfarandi breytingu:

Skuld aðalstefnda skv. dskj. nr. 3 .....	kr. 6.441.545
1. Leiðrétt skv. greinargerð dskj. nr. 2 .....	— 6.000
2. Vextir skuldfærðir 31. desember 1976 .....	— 342.700
3. Bókfærð færsla 5. nóvember 1976 .....	— 69.100
4. Vextir skuldfærðir 30. október 1976 .....	— 621.850
5. Vextir skuldfærðir 28. nóvember 1975 .....	— 1.053.809
	<hr/>
Samtals	kr. 4.343.086

Aðalstefndi hafi auk þess lagt í ýmsan kostnað til að annast viðhald mannvirkja í eigu aðalstefnanda, sem komi til frádráttar skuldinni sem hér segir:

a) Vanfærðir innheimtureikningar, dskj. nr. 7, viðurkenndir af aðalstefnanda .....	kr.	135.710
b) Andvirði geislaofns, dskj. nr. 8 .....	—	240.000
c) Viðgerð á hreinlætisaðstöðu, dskj. 9 .....	—	7.125
d) Reikn. vegna viðgerðar á hreinlætistækjum, dskj. 10 .....	—	12.788
e) Reikn. Rafvirkjapjónustunnar h/f skv. dskj. nr. 11 og nr. 16 .....	—	181.449
f) Viðgerð á vatnslögn í kyndiklefa skv. dskj. nr. 12 .....	—	12.445
		<hr/>
Skuld aðalstefnda 31. des. 1976	kr.	3.753.569
13% ársvextir frá 1. jan. 1977—15. mars 1977	—	93.841
		<hr/>
Skuld aðalstefnda 15. mars 1977	kr.	3.847.410
÷ innborgun vegna millifærslu 15. mars 1977	—	7.000.000
Innlagðar olíuvörur 15. mars 1977	—	134.938
Innlagðir gaskútar 15. mars 1977	—	8.640
		<hr/>
Skuld aðalstefnda 15. mars 1977	kr.	3.296.168

sem sé stefnufjárhæðin í framhaldsgagnsök.

Aðalstefndi rökstyður gagnkröfur sínar með svofelldum hætti: Hann telur einhliða dráttarvaxtakröfu aðalstefnanda hafa verið algerlega óheimila án samþykkis aðalstefnda, enda sé það venja í viðskiptum sem þessum, að vextir séu ekki reiknaðir. Þá bendir hann á, að allt frá því viðskipti aðilja hófust í maí 1968 og þar til í nóvember 1975, hafi engar vaxtafærslur átt sér stað, enda sé það í fullu samræmi við þær viðskiptavenjur, sem viðhafðar séu. Þá mótmælti hann sérstaklega sem algerri lögleysu að skulda og bakfæra vexti, eins og gert var 28. nóvember 1975. Samkvæmt undirstöðurökum laga nr. 58/1960 um bann við okri, dráttarvexti o. fl. verði vextir einungis reiknaðir, að til þess standi samþykki beggja aðilja, en einhliða vaxtataka sé aðeins heimil, að skuldara verði fyrirfram gert viðvart. Skýrt ákvæði sé í lögum um, að dráttarvextir verði einungis reiknaðir fá eindaga skuldar til greiðsludags. Sá háttur, sem aðalstefnandi hafði á vaxtaút-

reikningi, verði þess valdandi, að eldri dráttarvextir verði vaxta-berandi í myndun nýs höfuðstóls, en það falli undir okur. Hann telur þannig samning aðilja frá 16. júlí 1968 ekki í gildi, þar sem ákvæðum hans um skil á fé til aðalstefnanda hafi aldrei verið fylgt í raun, heldur hafi myndast viðskiptavenja milli aðiljanna. Aðalstefndi hafi á tímabili jafnvel greitt beint til ýmissa aðilja af því fé, sem aðalstefnandi átti í hans vörslu.

Kröfur sínar varðandi viðgerðir og viðhald á Ferstikluskálanum styður aðalstefndi eftirfarandi rökum: Hann kveðst hafa lagt í ýmsan kostnað til að annast viðhald mannvirkja á eign aðalstefnanda og hafi verið látið nægja að gera þær kröfur upp eftir á, en ekki leitað samþykkis hverju sinni. Hann heldur því fram, að venja sé, að húseigandi sjái um viðhald húseignar sinnar, sem sé leigð út, nema um annað sé samið. Varðandi reikning Rafvirkjaþjónustunnar h/f tekur hann fram, að hann sé til kominn vegna krafna Rafmagnseftirlits ríkisins vegna nýrrar reglugerðar um raforkuvirki.

Aðalstefndi kom fyrir dóm og skýrði svo frá, að samningi aðilja frá 16. júlí 1968 hefði aldrei verið fylgt til fullnustu að því er skil á fé vegna seldra olíuvara varðaði. Hann kvaðst á tímabili hafa séð um stækkun skálans að Ferstiklu fyrir aðalstefnanda og hafi hann greitt fyrir framkvæmdirnar með fé af bensínsölu. Hann kveður fyrst hafa borið á því á síðari hluta ársins 1975, að aðalstefnandi hafi viljað fá verulega lækkun á skuld hans við aðalstefnanda. Hann hafði þá í samráði við Ölund Ásgeirsson og Ingþór Guðnason innheimtustjóra lagt fram vixla að fjárhæð kr. 3.000.000 til lækkunar á skuldinni. Hann kvað þá ekkert hafa verið rætt um vaxtatöku af skuldinni af aðalstefnanda hálfu, en honum hafi þó skömmu síðar verið skuldfærðir vextir, samtals að fjárhæð kr. 1.053.809. Hann kvaðst engar athugasemdir hafa gert við vaxtatökuna, enda hafi hann sennilega ekki séð það nærri strax, þar sem það sé skrifstofa sín, sem fái afrit af viðskiptareikningum. Hann kvað þetta í fyrsta sinn sem aðalstefnandi tók vexti af viðskiptaskuldinni, frá því viðskipti hófust. Hann kveður þá breytingu hafa orðið á viðskiptum sínum við aðalstefnanda á árinu 1976, að aðalstefnandi lánaði fyllingu á bensíntankinn, sem hann greiddi strax að fyllingu lokinni, og hefði verið um það samið, að ekki yrði fyllt á tankinn nema að höfðu samráði við sig. Hann kveður aðalstefnanda hafa þverbrotið þetta munnlega samkomulag og hafi bifreiðar hans iðulega losað olíur og bensín að Ferstiklu án samráðs við sig og söluverð síðan verið fært á

viðskiptareikning sinn hjá aðalstefnanda. Hann kveður málin hafa þróast þannig, að hann hafi yfirleitt séð um, að viðgerðir á Ferstikluskálanum hafi verið framkvæmdar og síðan sent reikninga ásamt uppgjöri til aðalstefnanda. Hann kvaðst annað hvort sjálfur eða starfsfólk sitt hafa haft samband við starfsmenn aðalstefnanda, þegar um viðhald og endurbætur á Ferstikluskálanum var að ræða, en svörin hafi oftast verið á þá lund, að aðalstefnandi hefði ekki menn til verksins, en beðið um, að hann sæi sjálfur um viðgerðirnar, sem hann hafi síðan gert og aðalstefnandi greitt kostnaðinn. Hann kveður reikning frá Rafvirkjapjónustunni h/f til komin vegna krafna frá Rafmagnseftirliti ríkisins, en til hafi staðið að loka skálanum. Varðandi geislaofn, sem um er deilt, kvaðst hann hafa lánað aðalstefnanda hann á árinu 1970 eða 1971, en ekki hafa fengið hann þrátt fyrir eftirgrennslan.

Aðalstefnandi reisir sýknukröfur sínar í gagnsök á því, að í áðurgreindum samningi aðalstefnanda og aðalstefnda, dags. 16. júlí 1968, hafi verið svo kveðið á, að aðalstefndi keypti af aðalstefnanda bensín, gasolíur, smurolíur og aðrar olíuvörur til endursölu í bensínstöð aðalstefnanda að Ferstiklu, Hvalfjarðarstrandarhreppi, Borgarfjarðarsýslu. Skv. 4. gr. samningsins átti andvirði seldra vara að frádregnum sölulaunum eða afslætti að teljast eign aðalstefnanda og hafi aðalstefnda borið að skila staðgreiðslusölu og afgreiðslunótum vegna reikningssölu til viðskiptamanna vikulega til aðalstefnanda. Bendir aðalstefnandi sérstaklega á ákvæði í samningnum, þar sem segir „kaupanda er óheimilt að nota fé Olíuverzlunar Íslands hf. til eigin þarfa meðan hann hefur það undir höndum“. Af hálfu aðalstefnda hafi orðið endurteknar vanefndir á samningi þessum vegna vankila. Í lok nóvember 1975 hafi skuld aðalstefnda numið kr. 7.111.493 og hafi aðalstefnda þá verið gefinn kostur á að greiða hluta skuldarinnar með víxlum, samtals kr. 3.000.000. Víxlar þessir séu ógreiddir og hafi verið höfðað sérstakt mál til innheimtu þeirra.

Af hálfu aðalstefnanda hafi verið ákveðið, að aðalstefndi fengi engar vörur á árinu 1976 nema gegn staðgreiðslu.

Innborganir aðalstefnda á árinu 1976 séu því greiðslur á úttektum hans á því ári, en ekki greiðslur inn á eldri skuld.

Síðari hluta sumars 1976, er bifreiðarstjóri sá og afgreiðslumaður, sem önnuðust venjulega afgreiðslu á bensíni og olíum til aðalstefnda, voru í sumarleyfi, hafi þau mistök orðið, að bensín og gasolíur hafi verið afgreidd á geyma að Ferstiklu, án þess að greiðsla hafi komið fyrir. Sé það skýring á þeirri skuldaaukningu

aðalstefnda við aðalstefnanda á síðari hluta árs 1976. Aðalstefnandi heldur því fram, að honum hafi verið fullkomlega heimilt að reikna dráttarvexti af skuld aðalstefnda og honum hafi verið það í sjálfsvald sett, hvernær hann hóf að vaxtareikna skuldina. Hann bendir á, að skv. 4. gr. viðskiptasamnings aðalstefnda við aðalstefnanda, dags. 16. júlí 1968, skuli andvirði seldra vara teljast eign aðalstefnanda og enn fremur sé aðalstefnda óheimilt að nota fé aðalstefnanda til eigin þarfa. Með hliðsjón af því, hvernig skuld aðalstefnda sé til komin, leiki ekki minnsti vafi á rétti aðalstefnanda til að reikna vexti af skuldinni. Aðalstefnandi hefur mótmælt þeim fullyrðingum aðalstefnda í framhaldsstefnu, að sá háttur, sem hafður var á við útreikning dráttarvaxtanna, leiði til þess, að eldri dráttarvextir verði vaxtaberandi í myndum nýs höfuðstóls, og vísar til auglýsingar Seðlabanka Íslands, dags. 18. júlí 1977, um ákvörðun vaxta við innlánsstofnanir, II. lið, 5 b, þar sem heimilað sé að bæta vanskilavöxtum við höfuðstól á 12 mánaða fresti. Jafnframt bendir hann á, að aðalstefndi hafi samþykkt vaxtatökuna með aðgerðarleysi sínu, hann hafi ekki mótmælt henni fyrr en í máli þessu.

Aðalstefnandi hefur mótmælt greiðsluskyldu sinni á reikningum yfir efni og vinnu vegna viðhalds og viðgerða á Ferstikluskálanum að undirlagi aðalstefnda sem sér óviðkomandi. Hann kveður reikningana vera fyrir framkvæmdir á söluskálanum, sem framkvæmdar hafi verið án samráðs og heimildar sinnar sem eiganda skálans. Einnig hefur hann mótmælt kröfum aðalstefnda um greiðslu fyrir geislaofn. Hann hafi verið fenginn að láni hjá aðalstefnda og sé í viðgerð og verði skilað að henni lokinni.

Guðjón Sigurðsson, starfsmaður aðalstefnanda, kom fyrir dóm, og greindi hann svo frá, að mjög hefði borið á því, að erfitt hafi verið að fá aðalstefnda til að standa við gefin loforð um greiðslur af sölu á olíum og bensíni og hafi verið tekinn upp sá háttur að láta hann staðgreiða fengnar vörur, en misbrestur hafi orðið á, að við það væri staðið. Hann kvað það hafa gengið svo árum saman, að tekið hafi verið mark á loforðum aðalstefnda um að lækka skuld sína, en þolinmæðina hafi að lokum þrotið og hafist handa um innheimtu skuldarinnar. Hann kveður það vera aðalreglu, að ekki sé um vaxtatöku að ræða hjá aðalstefnanda gagnvart umboðsmönnum sínum, nema um óeðlilega skuld sé að ræða miðað við birgðir viðkomandi. Sé um óeðlilega skuld að ræða, sé gripið til aðgerða gagnvart umboðsmanninum og sú skuld, sem umfram birgðir er, tekin út af viðskiptareikningi og færð á sérstakan við-

skiptareikning, sem vaxtareiknast mánaðarlega í tölvu, þar til gengið hefur frá skuldinni á viðunandi hátt. Hann kveður þessum vaxtaaðferðum ekki hafa verið beitt við aðalstefnda. Hann kvaðst telja, að samkvæmt samningi aðilja væri aðalstefnanda óviðkomandi annað viðhald á Ferstikluskálanum en það, er snertir sölu-tæki, er varða vörur aðalstefnanda. Hann kannast við, að aðalstefndi hafi fengið greidda reikninga vegna viðhalds á Ferstikluskálanum, og hafi það ekki verið regla, heldur sammingsatriði hverju sinni.

Einnig kom fyrir dóm Svan Friðgeirsson, stöðvarstjóri aðalstefnanda. Hann kvaðst hafa það starf hjá aðalstefnanda að sjá um framkvæmdir allar á hans vegum og viðhald eigna. Hann segir, að gegnum árin hafi oft þurft að lagfæra ýmislegt varðandi rafmagn o. fl. í Ferstikluskálanum og hafi aðalstefndi oftast haft samband við sig varðandi þau atriði, en ekki ávallt, og þá hafi annað hvort menn frá aðalstefnanda eða menn, sem aðalstefndi útvegaði, gert við bilanir. Hann kveðst seinni hluta árs 1975 hafa fengið upplýsingar um athugasemdir Rafmagnseftirlits ríkisins varðandi Ferstikluskálann og hafi aðalstefndi haft samband við mætta (sic) varðandi það mál og hafi hann tjáð aðalstefnda, að aðalstefnandi sæi sér ekki fært að framkvæma endurbætur þær, sem krafist var, en aðalstefnda væri í sjálfsvald sett að framkvæma endurbætur á eigin kostnað.

Hann kveðst sérstaklega aðspurður hafa rökstuddan grun um, að aðalstefndi hafi látið framkvæma ýmsa hluti að Ferstiklu án samþykkis aðalstefnanda og fengið reikninga vegna þeirra greidda hjá aðalstefnanda og það hafi þá kannski verið gert til að lækka skuld aðalstefnda við aðalstefnanda.

Verða nú einstakir liðir gagnkröfunnar teknir til athugunar hver í sínu lagi í sömu röð og í kröfuflysingu hér að framan:

1. Aðiljar eru sammála um þessa leiðréttingu, og verður hún tekin til greina óbreytt.
2. Viðskipti aðilja hófust í júlí 1968. Aðalstefndi hafði viðskiptareikning hjá aðalstefnanda, þar sem öll úttekt hans og innborganir voru færðar. Ákvæðum sammings aðilja um skil af hálfu aðalstefnda á fé vegna sölu á olíuvörum virðist aldrei hafa verið fylgt og aðalstefndi gegnum árin skuldað aðalstefnanda verulegar fjárhæðir á viðskiptareikningi sínum. Engir vextir voru reiknaðir af viðskiptareikningum frá upphafi, þ. e. júlí 1968, þar til vaxtafærslur hófust 28. nóvember 1975. Aðal-

stefnanda bar samhliða dráttarvaxtafærslu á viðskiptareikning aðalstefnda að eindaga skuldina með lokun reikningsins, sbr. auglýsingu frá Seðlabanka Íslands frá 21. september 1976, sem dómurinn telur hér eiga við. Verða því einungis dæmdir 13% ársvextir af viðskiptaskuldinni og þessi liður því tekinn til greina með kr. 159.362.

3. Aðalstefnandi hefur gert fullnægjandi grein fyrir færslu þessari, sem leiðrétt hefur verið á viðskiptareikningi, og lagt fram gögn máli sínu til sönnunar, og verður þessi liður ekki tekinn til greina.
4. Með vísun til rökstuðnings varðandi lið 2 verður þessi liður tekinn til greina með kr. 285.015.
5. Vaxtafærsla þessi er framkvæmd, þegar viðskipti aðilja hafa staðið í rúm 7 ár, án þess að vextir hafi verið reiknaðir af viðskiptaskuld aðalstefnda. Skuldin var ekki á neinn hátt eindög-uð af aðalstefnanda, heldur héldu viðskiptin áfram með svo til óbreyttum hætti. Ekki var aðalstefnda á neinn hátt gert viðvart fyrirfram um vaxtatökuna.  
Með hliðsjón af framansögðu telur dómurinn vaxtatöku þessa hafa verið óheimila, eins og að henni var staðið, og verður liður þessi tekinn til greina að fullu.

Viðhald mannvirkja og vanfærðir innheimtureikningar. Verða liðir þessir nú teknir fyrir í sömu röð og í kröfulýsingu:

- a) Aðalstefnandi hefur viðurkennt þennan lið, og verður hann tekinn til greina.
- b) Geislaofn þennan lánaði aðalstefndi aðalstefnanda á árinu 1970 eða 1971. Fram er komið undir rekstri málsins, að ofninn sé í viðgerð og verði skilað að viðgerð lokinni, og hefur lögmaður aðalstefnanda boðið að greiða leigu fyrir afnot hans. Verður krafa þessi því ekki tekin til greina.
- c, d og f) Reikningar þessir eru allir vegna viðhalds og viðgerða á Ferstikluskálanum, sem er eign aðalstefnanda. Upplýst er í málinu, að aðalstefndi hafði oft þann hátt á að láta framkvæma viðgerðir á húsinu án þess að afla samþykkis hverju sinni. Dómurinn telur, að í skiptum aðilja gildi sú meginregla, að húseigandi beri kostnað af viðhaldi húseignar, nema um annað sé samið, og verða kröfuliðir þessir því teknir til greina að fullu.
- e) Reikningar þessir eru vegna viðgerða og endurbóta á raflögn

söluskálans að Ferstiklu og olíuafgreiðsluskúrs, sem hvort tveggja er í eigu aðalstefnanda, og eru til komnir vegna krafna Rafmagnseftirlits ríkisins, en aðalstefndi hefur haldið því fram, að yfirvofandi hafi verið lokunaraðgerðir, ef kröfum þess yrði ekki fullnægt. Aðalstefnandi hefur mótmælt reikningum þessum sem sér óviðkomandi, þar sem þeir séu að mestu leyti til komnir vegna tækja í söluskálanum, sem voru eign aðalstefnda, og beiðni aðalstefnda um, að aðalstefnandi sæi um framkvæmd endurbótanna, hafi verið neitað. Ljóst er við athugun á reikningum þessum, að verulegur hluti krafna Rafmagnseftirlits ríkisins er vegna tækja í eign aðalstefnda.

Aðalstefndi hlaut að láta framkvæma endurbætur þær, sem Rafmagnseftirlitið krafðist, til að komast hjá lokun á veitinga-aðstöðu sinni, og ber aðalstefnanda að taka þátt í þeim kostnaði, sbr. rökstuðning í c, d og f liðum hér að framan. Þykir kröfufullður þessi nægilega tekinn til greina með kr. 90.000.

Auk þess lagði aðalstefndi inn olíuvörur og gaskúta, samtals að fjárhæð kr. 143.578, og er sú krafa viðurkennd af aðalstefnanda og verður tekin til greina óbreytt.

Samkvæmt framansögðu verður niðurstaða málsins í gagnsök sú, að gagnstefndi greiði gagnstefnanda kr. 1.905.832 með 13% ársvöxtum frá 15. mars 1977 til greiðsludags. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í gagnsök falli niður.

#### Dómsorð:

Aðalstefndu, Brjann s/f og Halldór Júlíusson, skulu vera sýknir af kröfum aðalstefnanda, Olíuverslunar Íslands h/f, í aðalsök, en málskostnaður falli niður.

Gagnstefndi, Olíuverslun Íslands h/f, greiði gagnstefnanda, Brjáni s/f og Halldóri Júlíussyni, kr. 1.905.832 með 13% ársvöxtum frá 15. mars 1977 til greiðsludags, en málskostnaður í gagnsök falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.